

**MEÐ LAUSNUM**  
**PRÓF til viðurkenningar bókara**  
II. HLUTI

SKATTSKIL OG UPPLÝSINGATÆKNI

Prófnúmer próftaka:	.....
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	<i>Skattskil og upplýsingatækni</i>		
Prófdagur:	XX. desember 201X	Kl.:	13.00 – 16.00
Próftími alls:	3 klukkustundir	Prófblöð þ.m.t. forsíða):	9 blaðsíður
Leyfileg hjálpargögn:	<u>Lög og reglugerðir skv.</u> <u>prófefnislýsingu</u> <u>Vasareiknir</u>	Fylgiblöð: Óutfyllt blöð	

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## I. hluti - krossaspurningar (35%)

Veljið aðeins eitt svar af þeim svarmöguleikum sem eru til staðar við hverja spurningu. Vægi hvernar spurningar er 2,5%.

Hér skal einungis merkja við eitt rétt svar en ekki gefa nánari skýringar.

Ekki er dregið niður fyrir rangt svar.

1. Getur eftirlifandi maki nýtt persónuafslátt hins látna eftir andlát.
  - a. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna út tekjuárið.
  - b. Eftirlifandi maki getur ekki nýtt persónuafslátt hins látna.
  - c. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í 12 mánuði eftir andlát.
  - d. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í 6 mánuði eftir andlát.
  - e. Ekkert af framangreindu á við.  
63. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
  
2. Hvað af neðangreindu er undanþegið stofni til iðgjalds í lífeyrissjóð?
  - a. Ökutækjastyrkur.
  - b. Bifreiðahlunnindi.
  - c. Dagpeningar.
  - d. Allt af framangreindu er undanþegið stofni til iðgjalds í lífeyrissjóð.  
3. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
  - e. Ekkert af framangreindu er undanþegið stofni til iðgjalds í lífeyrissjóð.
  
3. Jón og Gunna eru með 17.000.000 krónur í árslaun á tekjuárinu 2015. Jón er með 3.000.000 kr. í laun á árinu 2015 og Gunna er með 14.000.000 kr. í tekjur á árinu 2015. Gunna hefur greitt 37,3% staðgreiðslu af launum að 3.709.680 kr., 39,74% af launum frá 3.709.681 til 10.036.848 kr. og 46,24% í staðgreiðslu af launum umfram 10.036.849 kr. á árinu 2015. Gunna spyr þig hvort hún geti ekki lækkað skattgreiðslur sínar eitthvað með því að nýta sér lægri skattþrep Jóns þar sem þau séu samsköttuð. Hverju svarar þú?
  - a. Gunna getur nýtt sér allt miðskattþrep Jóns og hluta af neðsta skattþrepi Jóns.
  - b. Gunna getur ekki nýtt sér neitt af skattþrepum Jóns.

- c. Gunna getur nýtt sér allt miðskattþrep Jóns.
- d. Gunna getur nýtt sér helming af miðskattþrepi Jóns.  
4. tl. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- e. Ekkert af framangreindu á við.
4. Karl og Dána hafa verið saman í 2 ár. Þau hafa ekki verið skráð í sambúð né verið með sama lögheimili. Þau skráðu sig í sambúð 1. september 2015 þar sem Dána er ófrísk og von er á barninu 1. apríl 2016. Dána hóf nýverið nám í HR og fyrirséð er að hún verður tekjulaus næstu árin. Karl og Dána hafa heyrt að Karl geti nýtt skattkort Dónu og nú leita þau til þín og spyrja hvort það sé rétt. Hverju svarar þú?
- a. Karl og Dána geta ekki óskað eftir samsköttun fyrr en þau sambúðin hefur varað í samfelld eitt ár hið minnsta.
- b. Karl og Dána geta óskað eftir samsköttun frá og með 1. september 2015 þar sem þau hafa skráð sig í sambúð.
- c. Karl og Dána geta óskað eftir samsköttun fyrir allt tekjuárið 2015 þar sem þau hafa skráð sig í sambúð á árinu 2015.
- d. Karl og Dána geta óskað eftir samsköttun þar sem þau eiga von á barni saman.  
3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003.
- e. Ekkert af framangreindu á við.
5. Hver af neðangreindum aðilum telst ekki vera launamaður í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda?
- a. Maður sem fær happdrættisvinning frá SÍBS.  
4. gr. laga nr. 45/1987.
- b. Erlent félag sem fær greiddan arð frá innlendu félagi.
- c. Manni sem ber að reikna sér endurgjald.
- d. Allir framangreindir aðilar teljast launamenn í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987.
- e. Enginn af framangreindum aðilum teljast launamenn í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987.

6. Meðalmenn ehf. hafa ákveðið að efla innra eftirlit fyrirtækisins eftir eigendaskipti hjá fyrirtækinu. Ákveðið er að byggja á COSO aðferðarfræðinni. Hvert af eftirfarandi er ekki eitt af markmiðum innra eftirlits samkvæmt COSO teningnum (grunnteningnum)?
- a. Samkvæmni (e. compliance) rekstrar við lög og reglur.
  - b. Árangur og skilvirkni í starfsemi (e. operations).
  - c. Virkt stjórnendaeftirlit (e. monitoring).
  - d. Áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar (e. financial reporting).
  - e. Allt ofangreint er hluti meginmarkmiða innra eftirlits samkvæmt COSO teningnum (grunnteningnum).
7. Nýr fjármálastjóri Meðalmanna ehf. tilkynnir að um áramót verði tekið í notkun nýtt viðurkennt viðskiptakerfi (Microsoft Dynamics NAV) til að leysa af hólmi nokkur eldri kerfi. Nýja kerfið mun m.a. tengja saman viðskiptamannabókhald, rafrænt samþykktarferli, lánadrottnakerfi, sölukerfi, bankaafstemmingar og eigna- og afskriftakerfi. Uppsetningu nýja viðskiptakerfisins og umsjón með innleiðingu þess hefur verið útvistað til viðurkennds þjónustuaðila. Kerfið verður séraðlagað að þörfum Meðalmanna en til þess að hægt sé að nota fyrirliggjandi gögn í mismunandi kerfum þarf að forrita ný viðmót og breyta útreikningum og virkni eldri kerfa. Eftir innleiðingu kerfisins mun tölvudeild Meðalmanna sjá um rekstur þess. Miðað við ofangreindar upplýsingar, hverskonar eftirlit ætti fyrirtækið að innleiða til að uppsetning nýs viðskiptakerfis hafi ekki áhrif á heild og nákvæmni þeirra gagna úr eldri kerfum sem fyrirtækið treystir á við rekstur?
- a. Ekki er þörf á að innleiða frekara eftirlit með uppsetningu kerfisins þar sem Microsoft Dynamics NAV er vottað bókhaldskerfi.
  - b. Félagið getur innleitt ferli við breytingastjórnun þar sem breytingar eru útfærðar í prófunarumhverfi áður en uppfærslan er framkvæmd.
  - c. Þar sem ekki á að breyta gögnum kerfisins, aðeins að færa þau yfir á nýja kerfið, er óþarfi að innleiða sérstakt eftirlit með uppfærslunni.
  - d. Best væri að stofna sameiginlegan notendaaðgang í nýja viðskiptakerfinu þar sem fjármálastjórinn, tölvudeildin og þjónustuaðilinn geta breytt gögnum handvirkt.
  - e. Ekkert af ofangreindu á við.
8. Dísá var að vinna hjá tveimur aðilum á tekjuárinu 2014. Hún fékk 290.000 kr. í mánaðarlaun frá A ehf. og 250.000 kr. í mánaðarlaun frá B ehf. Hún var í starfi hjá báðum félögum alla mánuði ársins 2014. Bæði A ehf. og B ehf. reiknuðu staðgreiðslu miðað við lágsta skattþrep (37,3%) og bæði

fyrirtækin hafa reiknað Dísu fullan persónuafslátt. Dísu hafði verið að vinna hjá B ehf. á árinu 2013 og hafði ekki tekið skattkort í þáan þegar hún hóf nám haustið 2013. Þegar hún hóf störf hjá A ehf. sótti Dísu um og fékk nýtt skattkort hjá RSK. Við álagningu gjaldárið 2015 fékk Dísu mun hærri álagningu en hún átti von á þar sem hluti af launinum var skattlagður í miðskattþrepi og hún þurfti að endurgreiða ofnýttan persónuafslátt. Dísu spyr þig nú hver beri ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu.

- a. B ehf. ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu enda voru þeir að nota gamalt skattkort.
- b. A ehf. ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu þar sem meirihluta launa Dísu var aflað hjá A ehf.
- c. Dísu ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu enda bar henni að upplýsa launagreiðanda um hvaða skattþrep skuli miða við útreikning á staðgreiðslu skatta. Þá voru báðir launagreiðendur með gilt skattkort frá Dísu.  
67. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem og leiðbeiningar RSK en á heimasíðu RSK segir: „Þeir sem þiggja laun frá fleiri en einum launagreiðanda eiga að upplýsa launagreiðanda um það við hvaða skattþrep skuli miða við útreikning á staðgreiðslu skatta.“
- d. RSK ber ábyrgð á vangreiddri staðgreiðslu þar sem RSK gaf út nýtt skattkort þó svo að eldra skattkort væri ekki skilað.
- e. Ekkert af framangreindu á við.

9. Tekjur dánarbús skattleggjast í:

- a. 36% skattþrepi.
- b. 20% skattþrepi.
- c. Launa- og rekstrartekjur skattleggjast í almennu skattþrepi einstaklinga, þ.e. 37,3 – 46,24% tekjuskatti og fjármagnstekjur í 20% skattþrepi.
- d. 37,3 – 46,24% skattþrepi.
- e. Allar tekjur nema arður skattleggst í 36% skattþrepi. Arður skattleggst í 20% skattþrepi.  
2. mgr. og 4. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

10. Hugrún er nýtekin saman við Jónínu og þær hafa hug á að hefja sambúð. Hugrún og Jónína eiga báðar íbúðir en íbúð Jónínu er stærri og því ætla þær að búa þar. Hugrún keypti sína íbúð í fyrra á 40.000.000 kr. en Jónína sína íbúð árið 2012 á 30.000.000 kr. Hugrún ætlar að leigja íbúðina sína út og er að velta fyrir sér hvort hún eigi leigja íbúð sína í langtímaleigu eða í skammtímaleigu til ferðamanna. Hvað af neðangreindum fullyrðingum eru réttar varðandi útleigu íbúðarhúsnæðis Hugrúnar?

- a. Þar sem um íbúðarhúsnæði er að ræða þá skattleggst 70% af leigunni sem fjármagnstekjur.
- b. Ef Hugrún leigir til ferðamanna þá skattleggjast allar leigutekjurnar sem fjármagnstekjur og hún þarf að innheimta virðisaukaskatt af leigunni.
- c. Ef Hugrún leigir til ferðamanna þá skattleggst 70% af leigutekjunum sem rekstrartekjur og hún þarf að innheimta virðisaukaskatt af leigunni.
- d. Ef Hugrún leigir íbúðina undir atvinnustarfsemi til langs tíma þá skattleggjast leigutekjurnar sem rekstrartekjur og hún þarf að innheimta virðisaukaskatt af leigunni.
- e. Ekkert af framangreindum fullyrðingum eru réttar.

Hafi aðili að einhverju leyti með höndum sölu á gistingu til skemmri tíma en eins mánaðar, ber honum að innheimta 11% virðisaukaskatt af starfsemi sinni, enda sé hún í atvinnuskyni gerð (14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt).

Ef íbúðarhúsnæði er leigt undir atvinnustarfsemi er litið á leigutekjurnar sem rekstrartekjur og greiða ber almennan tekjuskatt af leigunni. Heimilt er að draga rekstrarkostnað frá leigutekjunum (7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt).

Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi ef heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemur 29.324.700 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða og 58.649.400 kr. ef hjón eiga í hlut (2. mgr. B-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt).

11. Hverjar af neðangreindum greiðslum falla ekki undir staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. eru undanþegar staðgreiðslu opinberra gjalda? Hvaða fullyrðing er rétt?

- a. Fastur mánaðarlegur ökutækjastyrkur.
- b. Styrkur frá stéttarfélagi til kaupa á gleraugum.
- c. Greiðslur til heimilishjálpar (au-pair) að fjárhæð 1.500.000 á ári.
- d. Allt af framangreindu fellur undir staðgreiðslu.  
2. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.
- e. Ekkert af framangreindu fellur undir staðgreiðslu.

12. Dóri erfði föður sinn á árinu 2015. Dóri er eini erfingi föður síns. Dóri erfði hlutabréf í ÞÆÖ ehf. að nafnvirði 500.000 kr. ÞÆÖ ehf. er einkahlutafélag sem faðir Dóra stofnaði árið 2000 með 500.000 kr. stofnframlagi. Innra virði félagsins var 5.000.000 kr. á andlátsdegi föður Dóra. Dóri erfði einnig íbúðarhúsnæði sem faðir hans hafði keypt árið 2014 á 40.000.000 kr., fasteignamat íbúðarhúsnæðisins nam 35.000.000 kr. á andlátsdegi. Dóri seldi hlutabréfin og íbúðarhúsnæðið í

lok árs 2015. Söluverð hlutabréfanna var 6.000.000 kr. og íbúðarhúsnæðisins 42.000.000 kr. Hvað þarf Dóri að greiða í fjármagnstekjuskatt vegna arfsins og sölunnar?

- a. Dóri greiðir 1.100.000 kr. í fjármagnstekjuskatt.
- b. Dóri greiðir 200.000 kr. í fjármagnstekjuskatt.
- c. Dóri greiðir 1.500.000 kr. í fjármagnstekjuskatt.  
 $((6.000.000 - 500.000) + (42.000.000 - 40.000.000)) \times 20\%$   
Skv. 17. og 18. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- d. Dóri greiðir engan fjármagnstekjuskatt enda búinn að greiða erfðafjárskatt.
- e. Dóri greiðir 2.500.000 kr. í fjármagnstekjuskatt.

13. Hvað þarf Dóri sem fjallað er um í spurningu 12 að greiða í erfðafjárskatt vegna arfsins og sölunnar?

- a. Dóri greiðir 3.900.000 kr. í erfðafjárskatt.
- b. Dóri greiðir 3.850.000 kr. í erfðafjárskatt.  
 $(5.000.000 + 35.000.000 - 1.500.000) \times 10\%$   
Skv. 2. og 4. gr. laga nr. 14/2004 um erfðafjárskatt.
- c. Dóri greiðir 3.400.000 kr. í erfðafjárskatt.
- d. Dóri greiðir 4.650.000 kr. í erfðafjárskatt.
- e. Dóri greiðir engan erfðafjárskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt.

14. XYZ ehf. fékk nýverið senda innheimtubeiðni frá Tollstjóranum vegna ógreiddra opinberra gjalda Carlos, fyrrum starfsmanns félagsins. Carlos þessi er spænskur ríkisborgari og vann fyrir XYZ ehf. í nokkra mánuði á árinu 2015 en flutti aftur til Spánar um mitt ár 2015. Skv. innheimtubeiðninni skuldar Carlos 150.000 kr. í opinber gjöld sem eru tilkomin vegna vinnu Carlos fyrir XYZ ehf. Hverjar eru skyldur XYZ ehf. gagnvart Tollstjóranum?

- a. XYZ ehf. er skylt að gera Carlos viðvart um innheimtukröfuna en bera ekki frekari ábyrgð á greiðslu hennar enda Carlos ekki lengur starfsmaður XYZ ehf.
- b. XYZ ehf. ber engar skyldur gagnvart Tollstjóranum vegna þessa enda ekki um opinber gjöld félagsins að ræða.
- c. XYZ ehf. ber engar skyldur gagnvart Tollstjóranum vegna þessa þar sem Carlos er ekki lengur starfsmaður félagsins.
- d. XYZ ehf. ber ábyrgð á skattgreiðslum Carlos.

Skv. 3. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

- e. Ekkert af framangreindu á við.

## II. hluti – tekjuskattur og skattskil (35%)

Við skulum gera ráð fyrir að árið 2014 sé nýliðið. Jón Jónsson rekur ferðaþjónustu í félagi sínu Nonnaferðir ehf. Jón hefur verið með ferðaþjónustu í fimm ár en hann stofnaði félagið upphaflega fyrir tólf árum og starfaði við þípulagnir fyrstu átta árin. Félagið hét þá Nonni pípari ehf. en Jón breytti um nafn og tilgang félagsins fyrir fimm árum. Hjá félaginu starfa ásamt Jóni sjö starfsmenn.

Hagnaður félagsins fyrir skatta á rekstrarárinu 2014 nam 38.750 kr.

Eftirfarandi upplýsingar eru fyrirbyggjandi um kostnað félagsins á árinu 2014 (allar tölur eru án virðisaukaskatts).

1. Í ársreikningi kom fram að afskriftir eigna félagsins, sem að mestu leyti eru bifreiðar voru 550 kr., en ákvæði skattalaga kveða á um að almennar fyrningar félagsins ættu að vera 800 kr.
2. Nonnaferðir ehf. á uppsafnað tap sem á eftir að taka tillit til að fjárhæð 800 kr. Þar af eru 400 kr. vegna taps sem myndaðist í rekstrinum árið 2003 og 400 kr. eru frá árinu 2007.
3. Árið 2007 keyptu Nonnaferðir ehf. (þá Nonni pípari ehf.) 8% hlut í heildsölnunni Pípari ehf. á genginu 3.5. Nafnverð hlutanna var 150 kr. Í janúar 2014 seldu Nonnaferðir ehf. hlut sinn í Pípara ehf. á genginu 7. Lögfræðikostnaður vegna sölnunnar var 90 kr. Söluhagnaðurinn var tekjufærður í bókum félagsins.
4. Viðskiptakröfur í ársreikningi 2014 námu 5.000 kr. Í skattframtali 2014 vegna rekstrarársins 2013 voru viðskiptakröfur færðar niður um 200 kr.
5. Jón bauð starfsmönnum og mökum til Seyðisfjarðar í árshátíðarferð þar sem gist var á hóteli eina nótt og farið á finasta veitingastað bæjarins. Var kostnaður á mann 500 kr. og voru því gjaldfærðar 8.000 kr. í rekstrinum vegna árshátíðar starfsmanna.
6. Starfsfólk Nonnaferða ehf. fær frían hádegismat í boði Nonnaferða ehf. þegar það er við störf þar sem Jóni finnst mikilvægt að starfsfólkið borði hollan og staðgóðan mat. Kostnaðurinn nam 1.050 kr. yfir árið og var gjaldfærður í bókum félagsins, en Jóni fannst ekki taka því að gefa fæðið upp sem hlunnindi á launamiða starfsfólks.
7. Gengishagnaður á árinu 2012 nam 1.125 kr. og gengistap á árinu 2013 nam 1.305 kr. Gengishagnaður á árinu 2014 skv. ársreikningi nemur 600 kr.

### Verkefni:

Reiknaðu út tekjuskattstofn og tekjuskatt félagsins Nonnaferðir ehf. fyrir **tekjuárið 2014** m.t.t. framangreinds. Þar sem félagið er rekið með hagnaði skulu ýtrustu frádráttarheimildir skattaréttarins nýttar.

Við biðjum þig að **rökstyðja niðurstöðu þína fyrir hvern lið athugasemdanna (frá 1 -7)** með viðeigandi **tilvísunum í laga- og reglugerðarákvæði og frekari útskýringum** ef með þarf. Auk þess þarf að sýna **forsendur útreiknings**.

### Lausn:

Hagnaður skv. rekstrarreikningi

38.750



1) Afskriftir - bókhaldslegar	550
1) Afskriftir skv. skattalögum	-800
3) Söluhagnaður hlutabréfa	-435
4) Niðurfærsla viðskiptakrafna frá fyrra ári bakfærð	200
4) Niðurfærsla viðskiptakrafna	-250
6) Fæðiskostnaður	1.050
7) Frestaður gengishagnaður frá árinu 2012	375
7) Frestað gengistap frá árinu 2013	-435
7) Frestaður gengishagnaður frá árinu 2014	-400
	<hr/>
	38.605

1. **Afskriftir** – Bæta þarf 550 kr. bókfærðu afskriftunum við hagnað ársins og draga svo 800 kr. skattalegar fyrningar frá. Er það gert á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 31. gr. TSL sem segir að draga megi frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Það er því einungis heimilt að draga frá fyrningar skv. þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í tekjuskattslögum.

**Fullnægjandi svar væri því:** -250 kr. og 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagrein gefur 2 stig.

2. **Rekstrartap** - Samkvæmt 8. tl. 31. gr. TSL má draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist. Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Rekstrartapið frá árinu 2003 er eldra en 10 ára og rekstrartapið frá báðum árunum (2003 og 2007) er ekki heimilt að nýta þar sem veruleg breyting hefur orðið á rekstrinum.

**Fullnægjandi svar væri því:** 0 kr. og 8. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagreinar/reglugerðir gefur 2 stig.

3. **Söluhagnaður hlutabréfa** - Samkvæmt tölulið 9a í 31. gr. TSL má draga hagnað af sölu hlutabréfa frá tekjum einkahlutafélaga.

$$(150 \times 7) - (150 \times 3,5) - 90 = 435$$

**Fullnægjandi svar væri því:** -435 kr. og töluliður 9a í 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagreinar/reglugerðir gefur 2 stig.

4. **Niðurfærsla viðskiptakrafna** – Skv. 2. mgr. 3. tl. 31. gr. TSL er heimilt að draga 5% af útistandandi viðskiptakröfum frá skattskyldum tekjum.

$$5.000 \times 5\% = 250$$

**Fullnægjandi svar væri því:** -50 kr. og 2. mgr. 3. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagreinar/reglugerðir gefur 2 stig.

5. **Árshátíð** – Kostnaður vegna árshátíðar fellur undir skilgreiningu rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. TSL og skv. 6. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri telst kostnaður vegna árshátíðar til rekstrarkostnaðar ef kostnaður er hæfilegur miðað við tilefni. Því má þessi kostnaður standa eins og hann er í bókhaldinu og þarf enga leiðréttingu að gera við skattskilin.

**Fullnægjandi svar væri því:** 0 kr. og 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 6. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagreinar/reglugerðir gefur 2 stig.

6. **Fæðiskostnaður** – Um þetta gildir reglugerð nr. 483/1994 varðandi frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri skv. 31. gr. TSL. Þar kemur fram í 3. mgr. 3. gr. að hlunnindi á borð við fæði séu frádráttarbær rekstrarkostnaður (á kostnaðarverði) en skv. 5. mgr. 3. gr. er skilyrði fyrir frádrættinum að hann sé gefinn upp á launamiða – Jón gerði það ekki og því er þetta ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður og þarf því að bæta fjárhæðinni aftur við tekjuskattstofninn.

**Fullnægjandi svar væri því:** +1.050 kr. og 3. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagreinar/reglugerðir gefur 2 stig.

7. **Gengismunur** – Í 5. tölul. 8. gr. TSL segir að frá gengishagnaði ársins skal draga gengistap, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til.

Gengishagnaður á árinu 2012 nam 1.125 kr. Því þarf að færa 1.125/3 eða 375 kr. til tekna nú.

Gengistap á árinu 2013 nam 1.305 kr. Því þarf að færa 1.305/3 eða 435 kr. til gjalda nú.

Gengishagnaður ársins 2014 nam 600 kr. og því þarf að fresta 2/3 hluta eða 400 kr. nú.

**Fullnægjandi svar væri því:** -460 kr. og 5. tl. 8. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 4. tl. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Rétt fjárhæð gefur 3 stig og rétt vísun í lagagreinar/reglugerðir gefur 2 stig.

### III. hluti – virðisaukaskattur og skattskil – (30%)

Ingibjörg Anna er lærður snyrtifræðingur og nuddari sem hefur starfrækt snyrtistofu og nuddstofu í fjöldamörg ár heima hjá sér og er með þann rekstur á sinni kennitölu. Hún hefur haft aðstöðu í forstofuherbergi í einbýlishúsinu þar sem hún býr enda er það með séringangi sem hefur hentað vel. Nýlega voru gerðar breytingar á aðstöðunni þannig að hluti þvottahússins var tekinn undir reksturinn og er þar aðstaða m.a. undir sturtu og gufu í tengslum við nuddmeðferðir sem Ingibjörg Anna býður uppá.

Gunnar maður Ingibjargar Önnu er lærður smiður og rekur sitt eigið fyrirtæki Smíðar ehf. Smíðum ehf. áskotnaðist lóð við Gálgasmára 10 í Kópavogi fyrir nokkrum árum undir atvinnuhúsnæði og hefur Gunnar dundað sér undanfarið ár við að byggja þar 1.500 m<sup>2</sup> fasteign sem hentar vel undir létta iðnað. Húsnæðið samanstendur af 6 eignarhlutum og er vel staðsett nálægt íbúðarhverfi öðrum megin og rétt hinum megin við götuna er verslunarmiðstöð. Einn eignarhlutinn hefur staðið auður frá því að bygging húsnæðisins kláraðist í byrjun ársins 2012 og hefur Gunnar notað það bil til þess að geyma ýmislegt smálegt, bæði tæki og tól sem hann er ekki að nota (þ.e. Smíðar ehf.) en einnig snyrtivörulager og gamla nuddbekki fyrir hana Ingibjörgu Önnu og stundum hafa ættingjar og vinir fengið að geyma eitthvað plássfrekt þarna um tíma svo sem vélsleða, jeppadekk og hluta úr búslóðum. Þessi eignarhluti er um 15% af heildarstærð hússins alls miðað við flatarmál. Ekkert hefur gengið hjá Gunnari að koma þessum eignarhluta í almennilega útleigu og hafa engar leigutekjur verið af þeim hluta hingað til. Aðrir hlutar fasteignarinnar eru leigðir til þriðja aðila með langtímasamningum, þar af eru tveir leigutakanna með tvo eignarhluta.

Spurningar:

1. Í upphafi, áður en Gunnar hóf byggingarframkvæmdir við Gálgasmára, fór hann til RSK og fékk virðisaukaskattsnúmer vegna byggingarinnar og fékk þannig allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af nýbyggingunni. **Hvaða skráning gæti það hafa verið?**
2. Ingibjörg Anna vill fá að greiða fyrir afnotin, enda Gunnar geymt fyrir hana snyrtivörur og ýmislegt sem tengist rekstri snyrtistofunnar undanfarið ár í einu horninu í ónotaða rýminu. Hún er ekki með lykil, hann venjulega skutlast með dótið fyrir hana og kemur með það sem hún þarf. Hún heimtar því reikning frá félaginu hans, Smíðum ehf. fyrir afnotin af aðstöðunni og þjónustuna við að sendast með vörurnar. **Ætti sá reikningur að vera með virðisaukaskatti?**
3. Gunnar leitaði til leigumiðlunar sem útvegaði honum núverandi þrjá leigutaka og tók þóknun fyrir. **Má Gunnar innskatta þessa þóknun á þessu virðisaukaskattsnúmeri sem hann fékk vegna byggingarframkvæmda við Gálgasmára?**
4. Leigutakarnir þrír eru ekki allir í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, einn þeirra – sá sem leigir bara einn eignarhluta – notar húsnæðið undir liststarfsemi sína, en hann er leirlistarmaður og myndhöggvari. Þegar Gunnar innheimtir leiguna í samræmi við húsaleigusamningana þrjá á mánaðarfresti, gerir hann reikninga á hvern og einn með virðisaukaskatti. **Er það rétt gert? Á hvaða virðisaukaskattsnúmeri skilar Gunnar útskattinum?**
5. Leigutakarnir þrír skipta með sér árlegum kostnaði við að láta moka planið fyrir framan húsið og hreinsa allan snjó og klaka í burtu. Gunnar hefur boðist til þess að láta gera bara einn reikning á sig og hann rukki síðan hina um þeirra hluta. **Getur Gunnar endurrukkað svona kostnað án virðisaukaskatts** þannig að leigutakarnir fá bara ljósrit af snjómokstursreikningnum og nýta innskattinn samkvæmt því? Hvernig er það hægt?

6. Ingibjörg Anna er með virðisaukaskattsnúmer vegna síns reksturs og hefur almennt verið hærri útskattur en innskattur í rekstrinum. Þegar hún fór í framkvæmdirnar við breytingarnar á forstofuherberginu og þvottahúsinu var innskatturinn vegna framkvæmdanna færður á virðisaukaskattsskýrslu fyrir það uppgjörstímabil. Sú skýrsla var með hærri innskatti en útskatti og í kjölfarið kom fyrirspurn frá RSK þar sem óskað var gagna og skýringa á umræddum innskatti. **Hvaða athugasemdir gæti RSK haft við nýtingu innskattsins og á hvaða grundvelli?**

Setjið fram stuttan og hnitmiðaðan **rökstuðning** varðandi hvern lið og vísið til laga- og/eða reglugerðarákvæða eftir því sem við á.

**Lausn:**

1. Í upphafi, áður en Gunnar hóf byggingarframkvæmdir við Gálgasmára, fór hann til RSK og fékk virðisaukaskattsnúmer vegna byggingarinnar og fékk þannig allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af nýbyggingunni. **Hvaða skráning gæti það hafa verið?**

Sérstök skráning skv. I. kafla reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu, vegna byggingar atvinnuhúsnæðis, hún veitir innskattsrétt af byggingarkostnaði. (2. mgr. 2. gr. sömu reglugerðar)

2. Ingibjörg Anna vill fá að greiða fyrir afnotin, enda Gunnar geymt fyrir hana snyrtivörur og ýmislegt sem tengist rekstri snyrtistofunnar undanfarið ár í einu horninu í ónotaða rýminu. Hún er ekki með lykil, hann venjulega skutlast með dótið fyrir hana og kemur með það sem hún þarf. Hún heimtar því reikning frá félaginu hans, Smíðum ehf. fyrir afnotin af aðstöðunni og þjónustuna við að sendast með vörurnar. **Ætti sá reikningur að vera með virðisaukaskatti?**

Það er meginregla að öll þjónusta og vörusala sé virðisaukaskattsskyld nema hún sé sérstaklega undanþegin. Aðstöðuleiga er ekki undanþegin eins og fasteignaleiga og því virðisaukaskattsskyld sbr. 1. gr. sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Reikningurinn ætti því að vera með virðisaukaskatti.

3. Gunnar leitaði til leigumiðlunar sem útvegaði honum núverandi þrjá leigutaka og tók þóknun fyrir. **Má Gunnar innskatta þessa þóknun á þessu virðisaukaskattsnúmeri sem hann fékk vegna byggingarframkvæmda við Gálgasmára?**

Sérstök skráning takmarkast við þann kostnað sem fellur til vegna byggingarinnar, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu. (1. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi), hann má því ekki nýta innskattinn á grundvelli þessarar skráningar hjá RSK.

4. Leigutakarnir þrír eru ekki allir í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, einn þeirra – sá sem leigir bara einn eignarhluta – notar húsnæðið undir liststarfsemi sína, en hann er leirlistarmaður og myndhöggvari. Þegar Gunnar innheimtir leiguna í samræmi við húsaleigusamningana þrjá á mánaðarfresti, gerir hann reikninga á hvern og einn með virðisaukaskatti. **Er það rétt gert? Á hvaða virðisaukaskattsnúmeri skilar Gunnar útskattinum?**

Nei, hann hefur ekki sótt um frjálsa skráningu vegna útleigunnar, sbr. II. kafli reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu. Fasteignaleiga er

undanþegin virðisaukaskatti og til þess að innheimta VSK af húsaleigu þarf frjálsa skráningin að liggja fyrir, þ.e. heimild frá RSK. (Með útleigunni án heimildarskráningar/frjálsrar skráningar er leiðréttingarkvöð virðisaukaskatts orðin virk og Smíðar gætu þurft að endurgreiða innskattinn sem fékkst endurgreiddur af framkvæmdum á grundvelli sérstöku skráningarinnar, sbr. IV. kafli innskattsreglugerðarinnar nr. 192/1993.)

5. Leigutakarnir þrír skipta með sér árlegum kostnaði við að láta moka planið fyrir framan húsið og hreinsa allan snjó og klaka í burtu. Gunnar hefur boðist til þess að láta gera bara einn reikning á sig og hann rukki síðan hina um þeirra hluta. **Getur Gunnar endurrukkað svona kostnað án virðisaukaskatts** þannig að leigutakarnir fá bara ljósrit af snjómokstursreikningnum og nýta innskattinn samkvæmt því? Hvernig er það hægt?

Gunnar getur nýtt sér ákvæði 2. mgr. 15. gr. um sameiginleg innkaup í reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila (húsféлагаákvæðið). Skilyrði 2. mgr. 15. gr. þurfa að koma fram í svarinu.

6. Ingibjörg Anna er með virðisaukaskattsnúmer vegna síns reksturs og hefur almennt verið hærri útskattur en innskattur í rekstrinum. Þegar hún fór í framkvæmdirnar við breytingarnar á forstofuherberginu og þvottahúsinu var innskatturinn vegna framkvæmdanna færður á virðisaukaskattsskýrslu fyrir það uppgjörstímabil. Sú skýrsla var með hærri innskatti en útskatti og í kjölfarið kom fyrirspurn frá RSK þar sem óskað var gagna og skýringa á umræddum innskatti. **Hvaða athugasemdir gæti RSK haft við nýtingu innskattsins og á hvaða grundvelli?**

Ekki er heimilt að nýta innskatt af viðhaldi og endurbótum á íbúðarhúsnæði jafnvel þótt það sé notað undir eigin atvinnurekstur, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.